

Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Helga M. Óttarsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Helga tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktu sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærar að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru 46.005 skráðir sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 122.349.976.513 milljónir. Á fundinn var mætt að hálfu 143 sjóðfélaga og farið með 2.065.151.534 milljónir atkvæða eða 1,69% heildaratkvæða.

Fundarstjóri lagði til breytingu á boðaðri dagskrá, liðirnir skýrsla stjórnar og kynning ársreiknings yrðu teknir fyrst til afgreiðslu og að því loknu yrði strax gengið til kosningar nýrrar stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

## 1. Skýrsla stjórnar

Ásgeir sagði að á heildina litið hefði árið 2012 verið hagstætt Frjálsa lífeyrissjóðnum sem endurspegladist í ávöxtunartölum hans. Því heilt yfir var ávöxtunin mjög góð.

Ásgeir sagði að sjóðurinn hefði stækkað mikið á undanförunum árum, hlutfallslega meira en aðrir lífeyrissjóðir í landinu. Það gæfi til kynna góða ávöxtun og að sjóðfélagar hefðu traust á sjóðnum, því ekki væri skylduaðild að honum.

Ásgeir sagði að þann 1. janúar 2013 opnuðu stjórnvöld fyrir áframhaldandi útgreiðslum á viðbótarlífeyrissparnaði. En allar fjárfestingaleiðir Frjálsa lífeyrissjóðsins væru vel í stakk búnar til að mæta því útlæði.

Ásgeir fór yfir að sjóðurinn legði jafnan mikið kapp á að veita sjóðfélögum góða þjónustu og nefndi sérstaklega að sjóðfélögum byðist meðal annars ráðgjöf í öllum útibúum Arion banka, öflug heimasíða og fræðslufundi um lífeyrismál. Auk þess væru send út yfirlit og fréttabréf til sjóðfélaga tvisvar á ári. Einnig að sjóðfélagar geta nálgast útsendu yfirlitin í netbanka Arion banka hvenær sem er. Ásgeir sagði að sjóðfélagar gætu skoðað á vefsíðu sjóðsins þær eignir sem standa að baki hverri leið og að sjóðurinn hefði verið brautryðjandi í þessum efnum.



Ásgeir sagði að Arion banki hefði tekið ákvörðun um að skipta um lífeyriskerfi sem héldi utan um séreign og réttindi sjóðfélaga og átti yfirfærslan sér stað á árinu 2012. Þær breytingar sem sjóðfélagar tækju eftir og tengdust þessu nýja kerfi væri fyrst og fremst að sjóðfélagayfirlitin hefðu tekið lítilsháttar breytingum.

Þá ræddi Ásgeir tryggingafræðilega stöðu tryggingadeildar sjóðsins, en um síðustu áramót voru heildarskuldbindingar sjóðsins umfram eignir um -0,3%, og hefði staðan því batnað um 0,1 prósentustig frá árinu áður. Á árinu 2012 voru gefnar út nýjar töflur um lífslíkur sem gerðu ráð fyrir lengri meðalævi en áður og hækkuðu þar með skuldbindingar sjóðsins um 1,5% sem höfðu því neikvæð áhrif á tryggingafræðilegu stöðu. Ásgeir benti þó á að tryggingadeild Frjálsa veitti hæstu réttindi fyrir hverja krónu iðgjalds af þeim lífeyrissjóðum sem væru með aldurstengda réttindaávinnslu.

Því næst sagði Ásgeir frá því að í nóvember 2012 samdi Frjálsi lífeyrissjóðurinn ásamt fleiri lífeyrissjóðum við slitastjórn Kaupþings um uppgjör á gjaldmiðlasamningum. Uppgjörið fæli í sér tekjufærslu fyrir sjóðinn á árinu 2012 að fjárhæð 1.547 milljónum króna sem skýrðist af því að niðurstaða samninganna væri mun hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir í reikningsskilum sjóðsins.

Ásgeir sagði að í ársreikningi sjóðsins árið 2011 hefði í fyrsta sinn verið gjaldfært í tryggingadeild sjóðsins sérstakt gjald í ríkissjóð að fjárhæð 15,7 milljóna króna. Gjaldið var fyrirframgreiðsla upp í álagningu opinberra gjalda 2012. Endanlegt gjald sjóðsins hefði numið 19,1 milljónum kr. og var það sem upp á vantaði að fjárhæð 3,4 milljónir greitt á árinu 2012. Lífeyrissjóðir mótmæltu harðlega skattlagningunni sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að stjórnvöld felldu brott ákvæði laga sem fólu í sér aðra sambærilega skattlagningu vegna ársins 2012. Hinsvegar fengu sjóðirnir ekki endurgreiddan þann skatt sem hafði verið greiddur vegna ársins 2011.

Ásgeir sagði frá því að stjórnvöld lækkuðu frádráttarbært iðgjald launþega í viðbótarlífeyrissparnað úr 4% í 2% þann 1. janúar 2012. Launagreiðendur hefðu þurft að annast það verk að lækka sparnað launþega niður í 2% af launum. Engin breyting varð á mótframlagi launagreiðenda en það væri 2% af launum skv. flestum kjarasamningum.

Ný lög tóku gildi á 3. ársfjórðungi ársins 2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Á árinu greiddi tryggingadeild sjóðsins í fyrsta sinn gjald til VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs og nam heildarfjárhæðin um 13 milljónum króna.

Ásgeir rifjaði upp það sem fram kom á síðasta ársfundi að stjórn sjóðsins og Arion banki skrifuðu undir nýjan rekstrarsamning í febrúar 2012 sem kvæði á um áframhaldandi rekstur og eignastýringu hjá Arion banka. Stjórnin hefði látið gera ítarlega úttekt á ýmsum möguleikum í rekstrarformi sjóðsins. Niðurstaðan var það mat stjórnar að hagsmunum sjóðsins væri best borgið með því að halda áfram samstarfi við bankann um rekstur sjóðsins. Í nýja rekstrarsamningnum var samið um lægri umsýsluþóknun til bankans og stefnt að því að hlutfallslegur kostnaður sjóðsins lækkaði eftir því sem sjóðurinn stækkaði. Þannig lækkaði umsýslukostnaður um 10 milljónir kr. á síðasta ári þrátt fyrir að sjóðurinn hefði stækkað.

Ásgeir sagði að ávöxtunarmöguleikar sjóðsins á komandi misserum myndu að miklu leyti ráðast af umhverfi sjóðsins. Gjalddeyrishöftin gerðu það að verkjum að sjóðurinn gæti ekki ráðist í nýjar erlendar fjárfestingar. Veruleg eftirspur væri eftir innlendum fjárfestingum sem h efði m.a. haft þau áhrif að innlend verðbréf hefðu hækkað mikið á undanförunum misserum. Ef það umhverfi skapaðist að líkleg eftirspurn eftir fjárfestingum ráði meiru en undirliggjandi rekstur réttlæti væri þeim mun mikilvægara fyrir sjóðinn að fara varlega.

Ásgeir sagði að stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins væri skipuð sjö mönnum. Meirihlutinn, fjórir væru kosnir á ársfundi sjóðsins en þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins, Arion banka. Ásgeir sagði að á fundinum myndu tveir stjórnarmenn verða kosnir til tveggja ára. Fleiri væru í framboði þannig að ljóst væri að kosið yrði milli frambjóðenda. Jafnframt yrði kosið um tvo varamenn til eins árs.

Ásgeir sagði að stjórn héldi að jafnaði stjórnarfundir mánaðarlega en árið 2012 hefðu verið haldnir 16 fundir. Á fundum stjórnar væri ræddur árangur í ávöxtun, ávöxtunarskýrslur, áhættuskýrslur, fjárfestingarstefna sjóðsins, samanburður við samkeppnisaðila, árshlutareikningar, fjárfestingarvalkostir, innra eftirlit og ótalmargt fleira. Ásgeir sagði að stjórnin fengi til sín ítarleg gögn og umfjöllun frá sérfræðingum rekstraraðila sjóðsins.

Þá ræddi Ásgeir tillögur til stjórnarlauna en hún hljóði upp á 97.500 kr. á mánuði og stjórnarformaður tvöföld þau laun. Jafnframt legði stjórnin til að laun varamanna yrðu óbreytt, eða helmingur af mánaðarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund en árslaun þó að lágmarki tvöföld mánaðarlaun aðalmanna. Ástæðan fyrir lágmarkslaunum varamanna væri að þeir eins

Ásgeir  
3

og aðalstjórnarmenn féllu undir eftirlit Fjármálaeftirlistsins og þyrftu að sinna því og væri sanngjarnt að fyrir það væri greitt.

Að lokum þakkaði Ásgeir meðstjórnarmönnum sínum gott samstarf og því starfsfólki sem kæmi að rekstri sjóðsins. Þá þakkaði hann Arnaldi Loftssyni sérstaklega fyrir sín störf sem og Marínó Erni Tryggvasyni.

## 2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdarstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Arnaldur vakti athygli á því að framsetning ársreikningsins hefði verið breytt með þeim hætti að fjárhæðir reikningsins á einstakar deildir sjóðsins væru nú á sérstökum deildarskiptum yfirlitum á bls. 19-21. Jafnframt hefði verið bætt við þau yfirlit um sameiginlegu deild sjóðsins sem hefði fyrst og fremst það hlutverk að taka við iðgjöldum sjóðfélaga.

Í máli Arnaldar kom m.a. fram að iðgjöld ársins hefðu numið 7,9 milljörðum sem væri 15% hækkun á milli ára. Skýringin væri fyrst og fremst fleiri greiðendur sjóðfélaga. Lífeyrisgreiðslur voru um 2,7 milljarðar og lækkuðu um 25% á milli ára. Fjárfestingartekjur sjóðsins voru 12,2 milljarðar og fjárfestingargjöld voru 285 milljónir. Hækkun á hreinni eign sjóðsins nam rúmum 16,9 milljörðum kr. og hrein eign frá fyrra ári var um 100 milljarðar. Stækkaði sjóðurinn því um 17% á árinu. Hrein eign í árslok var 116,7 milljarðar sem skiptist þannig að 87,6 milljarðar tilheyrðu séreignadeildinni en um 29,1 milljarður tryggingadeildinni.

Þá fór Arnaldur yfir þróun á stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins, helstu atriði efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Hann sagði að þróun á stærð sjóðsins undanfarin ár hefði verið í þá átt að samfelldur vöxtur hefði verið og skýrðist vöxturinn af iðgjöldum, ávöxtun, flutningum séreignar til sjóðsins og svo að lokum sameiningum við aðra lífeyrissjóði.

Kröfur á launagreiðendur vegna iðgjalda voru 620 milljónir en Aðrar kröfur námu 88 milljónum. Skuldir voru alls 824 milljónir en þær lækkuðu verulega vegna uppgjörssamnings á gjaldmiðlasamningum sem gerður var við slitastjórn Kaupþings á árinu.

Samningarnir voru gerðir upp annars vegar með skuldajöfnun skuldabréfa útgefnum af Kaupþingi hf og með peningagreiðslu. Niðurstaða samningsins hafði jákvæð áhrif á ávöxtun sjóðsins. Frjálsi 1 hækkaði um 1,9%, Frjálsi 2 um 0,5%, Frjálsi Áhætta um 0,4% og Tryggingadeildin um 1,1%.

Arnaldur sagði það vera ánægjulegt að sjá þá þróun á fjölgun sjóðfélaga, sem hefði aukist á milli ára. Fjöldi sjóðfélaga í árslok var 45.926 og fjölgaði um 3.202 á milli ára en árið áður nam fjölgunin um 2.000 sjóðfélögum. Langflestir sjóðfélagar eiga inneign í Frjálsa 1 eða um 38.000 og um 35.000 sjóðfélagar eiga réttindi í tryggingadeild sjóðsins. Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til sjóðsins voru um 12.478 og fjölgaði þeim um 1.663 á milli ára sem var helmingi meiri fjölgun en árið áður.

**Marinó Örn Tryggvason** forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir þróun verðbréfamarkaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins. Marinó fór yfir markaðsaðstæður og í máli hans kom fram að ágætis ávöxtun hefði verið á öllum eignaflokkum sem sjóðurinn hefði fjárfest í.

**Nafnávöxtun ársins 2012** var 14,1% hjá Frjálsa 1 (raunávöxtun 9,2%), 8,8% hjá Frjálsa 2 (raunávöxtun 4,1%), 5,4% hjá Frjálsa 3 (raunávöxtun 0,9%), 9,8% hjá Frjálsa Áhættu (raunávöxtun 5,0%) og 10,5% hjá Tryggingadeils sjóðsins (raunávöxtun 5,7%). Þess bæri að geta að skuldabréf í Tryggingadeild væru gerð upp á kaupkröfu en á markaðskröfu í séreignardeild og væru ávöxtunartölurnar því ekki samanburðahæfar á milli tryggingadeildar og séreignadeilda.

**Meðalraunávöxtun á tímabilinu 1990-2012** var 4,6% hjá Frjálsa 1, meðalraunávöxtun á tímabilinu 1990-2012 var 4,1% hjá Frjálsa 2, meðalraunávöxtun á tímabilinu 1990-2012 var 4,9% hjá Frjálsa 3 og meðalraunávöxtun á tímabilinu 1990-2012 var 2,0% hjá Tryggingadeild sjóðsins.

Þá fór Marinó yfir eignasamsetningu hvernar leiðar fyrir sig og benti á að ársfjórðungslega væri eignasamsetning allra leiða uppfærð á vefsíðu sjóðsins frjalsilif.is þar sem verðbréfaeign sjóðsins væru sundurliðuð.

#### **Umræður**

Eftir kynningu Arnaldar og Marinós var opnað fyrir umræður um fyrstu tvo dagskrárliðina. Engin fyrirspurn kom frá fundargestum.

### **3. Kosning stjórnar og varamanna**

Gengið var til kosninga tveggja stjórnarmanna til næstu tveggja ára. Í framboði voru: Ásdís Eva Hannesdóttir, Guðmundur Óskarsson og Magnús Pálmi Skúlason. Frambjóðendur höfðu stutta framsögn:



Ásdís sagðist hafa verið í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins síðustu 8 árin og meðal annars verið í endurskoðunarnefnd sjóðsins. Hún væri menntaður viðskiptafræðingur og starfaði sem framkvæmdarstjóri Norræna félagsins. Hún sagði að ábyrgð stjórnar væri mikil og talaði um mikilvægi þess að hafa áhuga á öllu því sem við kæmi lífeyrissparnði.

Guðmundur sagðist hafa starfað við rekstur um langt skeið og byggði að mikilli reynslu. Hann væri menntaður frá Álaborgarháskóla með M.sc gráðu í Rekstrarverkfræði. Núna síðast starfaði hann hjá Össuri sem framkvæmdarstjóri upplýsingatæknisviðs frá árinu 2004. Í starfi sínu hjá Össuri vann hann meðal annars mikið að útrás Össurar og við samningagerð um allan heim, sem myndi nýtast honum í stjórnarasetu hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum. Hann sagði að ef hann næði ekki kjöri í stjórn Frjálsa þá gæfi hann kost á sér sem varamaður.

Í máli Magnúsar Pálma kom fram að hann væri lögfræðingur frá HÍ og hefði útskrifast þaðan 2001. Hann sagðist hafa allan sinn starfsferil unnið við fjármálagæðingur. Hann hefði verið í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins síðustu 2 árin, þar á undan sat hann í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, en sá sjóður væri eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem væri með jákvæða tryggingafræðilega stöðu eftir bankahrun. Magnús sagði það mikilvægt að hafa þekkingu á lífeyrissparnaði og teldi að þekking sín á lífeyrissjóðum og ferlum þeirra kæmi að góðu gagni hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum. Magnús hét því að leggja sig allan fram við að vinna að hagsmunum sjóðfélaga. Magnús þakkaði meðstjórnendum sínum og starfsmönnum sjóðsins síðustu 2 árin samstarfið.

Guðfinna Helgadóttir og Guðmundur Thorlacius Ragnarsson stjórnðu atkvæðagreiðslunni. Tekið var fram að það að kjósa einungis einn stjórnarmann gæfi ekki meira vægi atkvæðis.

Gengið var til kosninga. Þvínæst var þessum lið á dagskránni frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir.

#### 4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins kynnti niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2012. Í máli hans kom fram að áunnin staða væri -1,6%, framtíðarstaða væri 0,4%, og heildarstaða væri -0,3%. Útreikningur væri miðaður við núverandi sjóðfélaga og mikilvægustu forsendurnar væru vaxtaforsenda, lífslíkur, örorkulíkur svo og hjúskapur og barneignalíkur. Mælt væri fyrir um það í lögum hvernig staðið skyldi að þessu mati, Frjálsi

lífeyrissjóðurinn notaði um 60% af meðaltalsmati örorku þar sem að örorkutíðni sjóðsins væri mjög lág.

Bjarni sagði að nú væri verið að miðað við lífslíkur af reynslu áráanna 2007-2011, aðgreint fyrir karla og konur. Meðal breyting hjá lífeyrissjóðum er um 1 % í tryggingafræðilegri stöðu á hverju ári.

Þá fór Bjarni yfir heildarstöðu sjóðsins miðað við fyrri ár, staða sjóðsins batnaði á árinu og fór úr -0,4% í -0,3% og áfallin staða fór úr -3,4% í -1,6%.

Bjarni sagði að staðan væri því örlítið betri nú, megin ástæða fyrir því að væri ávöxtun sjóðsins. Afkoma af örorkuþættinum væri einnig betri.

Bjarni benti á að líta þurfi til aukningar í lífslíkum sem mun að öllum líkindum halda áfram, það væri eitthvað sem íslenskir lífeyrissjóðir yrðu að líta til.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

## 5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2013. Marinó sagði að fjárfestingarstefnan væri ákveðin af stjórn sjóðsins.

Marinó sagði að eignastýring eigi að leitast við að ná sem bestri ávöxtun miðað við þá áhættu sem fælist í hverri fjárfestingastefnu.

Marinó fór yfir breytingar á fjárfestingarstefnum fyrir árið 2013, fyrir hverja deild fyrir sig.

**Frjálsi áhætta**, vægi hlutabréfa var minnkað úr 38% í 35%. Vægi í flokknum *Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* var aukið úr 2% í 5%. Flokkurinn *Fjárfesting í íbúðarhúsnæði* var settur inn.

**Frjálsi 1**, vægi hlutabréfa var minnkað úr 33% í 30%. Vægi í flokknum *Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* var aukið úr 2% í 5%. Flokkurinn *Fjárfesting í íbúðarhúsnæði* var settur inn.

**Frjálsi 2**, vægi innlána var minnkað úr 5% í 0%. Vikmörku þrengd – úr 0-25% í 0-15%. Vægi hlutabréfa var aukið úr 9% í 11%. Vægi í flokknum *hlutir eða Hlutdeildarskírteini annarra sjóða*

um sameiginlega fjárfestingu var aukið úr 1% í 4%. Vikmörk aukin í 0-10%. Flokkurinn *Fjárfesting í íbúðarhúsnæði* var settur inn.

**Frjálsi 3**, vægi innlána var minnkað úr 25% í 15%. Vikmörku þrengd – úr 0-50% í 0-30%. Vægi í flokknum *Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* var aukið úr 60% í 70%. Flokkurinn *fjárfestingar í íbúðarhúsnæði* var settur inn.

**Frjálsi Tryggingadeild**, vægi innlána var minnkað úr 5% í 0%. Vikmörku þrengd – úr 0-25% í 0-15%. Vægi hlutabréfa aukið úr 13% í 15%. Vikmörku aukin – úr 0-25% í 0-30%. Vægi í flokknum *Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* aukið úr 2% í 5%. Flokkurinn *fjárfestingar í íbúðarhúsnæði* var settur inn

Marínó sagði að saman dregið væri um tiltölulega litlar breytingar að ræða.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurn, engar fyrirspurnir komu fram.

### ***3. Kosning stjórnar og varamanna, framhald***

Því næst tilkynnti Fundarstjóri niðurstöðu í stjórnarkjöri.

**Niðurstöður í stjórnarkjöri:**

**Ásdís Eva (1.893.198.080 atkvæði )**

**Guðmundur Óskarsson (485.947.046 atkvæði )**

**Magnús Pálmi (1.660.031.804 atkvæði )**

**Auðir og ógildir seðlar voru: 0**

**Ásdís Eva og Magnús Pálmi voru því réttkjörin stjórnarmenn sjóðsins til næstu tveggja ára.**

Gengið var til kosninga tveggja varastjórnarmanna til næsta árs. Í framboði voru: Guðmundur Óskarsson, Anna Sigríður Halldórsdóttir og Selma Svavarsdóttir. Frambjóðendur höfðu stutta framsögn:



Anna Sigríður sagði frá því að hún væri fædd og uppalin í Bolungavík. Útskrifaðist frá HÍ 2008 sem Tekjutölfræðingur, ynni mikið með lög um lífeyrissjóði. Hún væri sitjandi varamaður í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins. Hún sagðist vera með töluverða þekkingu á lífeyrismálum og taldi því það geta nýst henni í setu sem varamaður.

Guðmundur, þakkaði stuðninginn í fyrri kosningu og óskaði núverandi stjórn alls hins besta í framtíðinni.

Selma Svavarssdóttir sagðist hafa síðustu 13 árin unnið í Arion banka, en hefði sagt upp störfum hjá Arion banka og myndi hún hefja störf hjá Landsvirkjun innan skamms.

Hún lauk HÍ árið 2000 og í vor MBA námi frá HR. Selma sagði að lífeyrismál væru mikilvægur málaflokkur. Í dag væri fólk meira upplýst, hún vildi leggja sitt að mörkum með setu sinni sem varastjórnarmaður Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Tekið var fram að það að kjósa einungis einn stjórnarmann gæfi ekki meira vægi atkvæðis.

**Gengið var til kosninga.** Þvínæst var þessum lið á dagskránni aftur frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir.

## 6. Kjör endurskoðanda

Deloitte var kosið að nýju endurskoðandi sjóðsins.

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

### Breytingartillögurnar:

#### 9.15.

Greiði sjóðfélagi af hærri ~~mánaðarlaunum~~ árslaunum en 12 milljónum kr. til sjóðsins skal endurgreiða til frjálsrar séreignar sjóðfélagans þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyristryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein 11.3 og töflu T3. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok júlí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs. Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers ~~mánaðar~~ árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2.

#### 11.3.

Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og

bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum í ~~einum mánuði~~ en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. ~~mánaðarlaunum~~ árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers ~~mánaðar~~ árs í samræmi við breytingu á vísitölu neyslu verðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

**Arnaldur** gerði grein fyrir þeim breytingatillögum sem gerðar voru á samþykktum sjóðsins. Hann sagði þær tengjast innbyrðis. Tillaga snéri að breytingu á gr. 9.15 og 11.3, en samkvæmt núverandi ákvæðum samþykktanna fá sjóðfélagar sem greiða í einhverjum mánuði lágmarksiðgjald af hærri mánaðarlaunum en 1,5 milljónir kr. greiðslur úr tryggingadeild í séreignardeild þar sem að framreiknuð réttindi vegna örorkulífeyris miðast við að hámarki lágmarksiðgjöld af 1,5 milljón kr. mánaðarlaunum.

Þar sem að viðkomandi sjóðfélagar fá ekki framreiknaða örorkutryggingavernd í samræmi við greidd iðgjöld þá fái þeir endurgreiðslur úr tryggingadeild í séreign sína.

Rökin fyrir ákvæðinu væri að verja almenna sjóðfélaga fyrir örorku sjóðfélaga, sem væru hálaunaðir og myndu leiða til hárra örorkulífeyrisgreiðslna, sem ykju verulega skuldbindingar sjóðsins og hefðu neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu hans. Breytingartillagan fæli í sér að þegar tekið væri út hvort sjóðfélagi falli innan þessa hóps sem fær greiðslur úr tryggingadeild í séreignardeildar verði miðað við heildargreiðslur lágmarksiðgjalds sjóðfélaga allt árið en ekki við greiðslur hvers mánaðar fyrir sig. Þ.e miðað yrði við að greidd yrðu lágmarksiðgjöld af hærri árslaunum en 12 milljónum kr. til að fá endurgreiðslur úr tryggingadeild í frjálsa séreign. Þessi árslaunaviðmiðunarfjárhæð myndi uppfærast m.v. vísitölu neysluverðs frá árinu 2007 og væri því rúmar 18 milljónir kr. fyrir árið 2013. Með þessari breytingu væri komið í veg fyrir að sjóðfélagar sem t.d. greiða iðgjöld einu sinni á ári fyrir allt almanaksárið og hafa að meðaltali yfir árið lægri laun en 1,5 milljón kr. á mánuði, falli í viðkomandi hóp sem fær endurgreiðslur.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins voru samþykktar.

## 8. Laun stjórnarmanna

Stjórn sjóðsins lagði til að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá því sem nú væri. Mánaðarlaun stjórnarmanna 97.500 krónur og laun formannas tvöföld þau laun.

Jafnframt var lagt til að varamenn fengju helming mánaðarlauna stjórnarmanna fyrir hvern setinn fund en að árslaun yrðu að lágmarki tvöföld mánaðarlaun aðalmanna.

Engar móttillögur bárust og taldist tillaga stjórnar því samþykkt.

## 9. Önnur mál

Sjóðfélögum var boðið að tjá sig undir önnur mál - Enginn vildi tjá sig og var þá gert hlé á fundi á meðan beðið var eftir niðurstöðu úr atkvæðatalningu.

### ***3.Kosning stjórnar og varamanna, framhald***

**Niðurstöður voru kynntar í varastjórnarkjöri:**

Anna Sigríður Halldórsdóttir ( 1.586.747.888 atkvæði )


Guðmundur Óskarsson ( 421.614.994 atkvæði )

Selma Svavarsdóttir ( 1.427.637.357 atkvæði )

**Anna Sigríður Halldórsdóttir og Selma Svavarsdóttir voru því réttkjörnar varastjórnarmenn til næsta árs.**

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins vær tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að hún yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins frjalsilif.is innan 14 virka daga. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Sleit að svo búnu fundi kl: 19:07



**Helga Melkorka Óttarsdóttir**

**fundarstjóri**



**Unnur Elín Jónsdóttir**

**fundarritari**